



Stjórnarfundur 6. maí

Mætt: Pétur Thomsen, Þóra Karlsdóttir, Soffía Sæmundsdóttir, Hlynur Helgason, Anna Eyjólf. Gestir: Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Ritari: Lísá Björg

Fundarefni

SÍM Residency hefur fengið 50.000 evra styrk frá Kulturkontakt Nord fyrir residensíu prógramm 7 listamanna í febrúar / mars 2025.

Heimsókn Jónu Hlíf; til umræðu voru aðstæður á Seljavegi. Ályktun BÍL á aðalfundi. Framtíð residensíunnar með tilliti til aðkomu allra listgreina. BÍL beiti sér fyrir því að styðja SÍM í að fá varanlegt húsnæði undir gestavinnustofur og áframhaldandi rekstrargrundvöll.

Fundur með fulltrúum frá Myndlistarmiðstöð, Listasafni Íslands, Nýló, Kling & Bang og Norræna húsinu á Seljavegi.

Stjórn leggi fram hugmynd að að framtíð SÍM Residency. Umgjörð og aðlögun að nýjum tímum. Mikilvægt að allar breytingar komi að ofan. Félagsmenn græði á verkefninu og að starfsfólk fái viðunandi laun. Stofnaður verði starfshópur.

Ráðning nýs safnstjóra Listasafnsins á Akureyri. SÍM geri kröfur um listrænan stjórnanda / sýningarstjóra með ríka þekkingu á samtímalist sbr. fordæmi hjá Listasafni Íslands. SÍM tilnefni fulltrúa í safnaráð listasafnsins árið 2026.

Heimsókn Hlyns til Finnlands í tilefni af 160 ára starfsafmælis Artists' Association of Finland.

Áform um IAA Evrópu ráðstefnu í Reykjavík haustið 2025. Opinn viðburður, með aðkomu Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Miðstöð skapandi greina, Myndlistarmiðstöð o.fl. Stjórn felur Hlyni umsjón með skipulagningu verkefnisins. Þóra býður sig fram í nefnd.



Önnur mál:

Gestaíbúð í Berlín hefur ekki verið fullbókuð í einhver ár, frá því í covid tímum. Stjórn íhugi að gera breytingar á starfseminni eða leggja hana niður.

Vantaa residency. Erfitt hefur verið að fá listamenn til að fara út. Þörf fyrir því að kynna þetta betur. Kanna áhuga listamanna sem vilja mynda tengsl við gestalistamenn, leiðbeina þeim.

Stjórn gerir þessa samþykkt um laun formanns, eftir að formaður vék af fundi:

Við ákveðum hér með að laun formanns verði reiknuð út frá launatöflu SÍM. Viðmiðið er 50% starf og greiðist skv. launatöflu með 20% afslætti. Tímalaun nú yrðu því kr. 8.960. Meðalmánuður er 86 tímar, sem væri viðmiðið um vinnu formanns. Launin þetta ár væru því kr. 770.560 á mánuði á þessu ári, reiknað frá og með 1. janúar. Þetta, eins og launatafla SÍM, yrði endurskoðað miðað við launavísitölu opinberra starfsmanna í upphafi hvers árs.

Ef sú staða kemur upp að formaður gefi kost á sér til áframhaldandi setu en fellur í kosningu, þá áréttar stjórn jafnframt, skv. ákvörðun síðasta fundar, að fráfarandi formaður fái, við þær aðstæður, þriggja mánaða laun eftir að hann er felldur í kosningu.

Pétur, Þóra, Soffía og Hlynur stóðu að þessari ákvörðun.